



ÁRSSKÝRSLA

Heimilis og skóla
landssamtaka foreldra

2016



Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra haldinn 3. maí 2017
í fundarsal SAMFOK, Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir

Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir

Forsíðumynd: Designed by Jannoon028 / Freepik

Myndir: Heimili og skóli

Ábyrgðarmaður: Anna Margrét Sigurðardóttir

Prentun: Svansprent

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla	4
1.1. Stjórn	4
1.2. Stjórnarfundir	4
1.3. Starfsmenn	5
2. Starfsemi	5
2.1. Húsnæði	5
2.2. Félagsmenn	5
2.3. Samstarfssamningur	5
3. Helstu verkefni	5
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar	5
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið	7
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök	7
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla	7
3.5. Foreldradagurinn	9
3.6. Lestraráttak Ævars vísindamanns	9
3.7. SAFT	9
4. Útgefið efni, dreifing og vefsíða	12
4.1. Útgáfa	12
4.2. Heimasíða og facebook	13
5. Annáll: Fundir, fræðsla og aðrir viðburðir	14
6. Samstarf innanlands	19
7. Norrænt samstarf	20
8. Lokaorð	21
Lög Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra	22



INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagsamtök sem starfa óháð stjórnarálflokkum og trúfélögum. Einstaklingar eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) sem er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og ungmenna á Íslandi. Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist *Safer Internet Action Plan*, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnið voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2020, undir formerkjunum *Better Internet*. Verkefnið er styrkt af ESB og íslenskum stjórnvöldum. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum INSAFE netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um netöryggi.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2016 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

| 1 | STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Kosið var til stjórnar á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 11. apríl 2016. Anna Margrét Sigurðardóttir gaf aftur kost á sér sem formaður samtakanna og var hún ein í framboði. Hún var því sjálfkjörin til tveggja ára. Formaður skal samkvæmt lögum samtakanna ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár. Þetta er seinna tímabil Önnu Margrétar og þarf því að kjósa nýjan formann árið 2018.

Jenný Ingudóttir, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Þröstur Jónasson gáfu öll kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu til tveggja ára og var kosning þeirra innsiglið með lófataki. Engin frekari framboð bárust.

Þær breytingar urðu á stjórn undir lok ársins 2016 að Bryndís Jónsdóttir gekk úr stjórn þar sem hún sótti um starf verkefnastjóra hjá Heimili og skóla. Í stað hennar kom Inga Dóra Ragnarsdóttir, fulltrúi Árborgar í fulltrúaráði Heimilis og skóla, en hún

var kosin til vara á fulltrúaráðsfundi árið 2015. Hún hafði áður setið nokkra fundi sem varamaður en varð aðalmaður í desember 2016.

Anna M. Sigurðardóttir, *formaður* | Neskaupstað
Jenný Ingudóttir, *varaformaður* | Reykjavík
Bryndís Jónsdóttir | Kópavogi
(Inga Dóra Ragnarsdóttir, Árborg, tók við)
Heimir Eggerz Jóhannsson | Akureyri
Kristjana Þórey Guðmundsdóttir | Hafnarfirði
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir | Garðabæ
Þröstur Jónasson | Kópavogi

Kjörnir skoðunarmenn eru Hilmar Ingimundarson og Hlíf Böðvarsdóttir. Eðvarð Ingólfsson og Sverrir Jónsson eru til vara.

1.2. STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru átta stjórnarfundir á starfsárinu.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna árið 2016 voru:



Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT
Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri
Björn Rúnar Egilsson, verkefnastjóri

Bryndís Jónsdóttir hóf starfsþjálfun í desember 2016 en hún var t.a.b.m. ráðin til að leysa af

Sólveigu í fyrirhuguðu fæðingarorlofi í febrúar árið 2017. Einnig var ljóst að Björn myndi láta af störfum í janúar 2017. Starfsmenn samtakanna eru því þegar þetta er ritað í apríl 2017:

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT
Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri

Til stendur að ráða einn starfsmann til viðbótar og eru þau mál í vinnslu.

Starfsmenn hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og kennslufræði, sálfræði, aðferðafræði, mannauðsstjórnun og alþjóðasamskiptum.

| 2 | STARFSEMI

2.1 HÚSNÆÐI

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Suðurlandsbraut 24, 2. hæð og leigja húsnæðið af Reitum, fasteignafélagi. Þangað geta foreldrar og aðrir sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðslu, efni og upplýsingar. Þar er einnig fundaraðstaða.

2.2 FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög, leik-, grunn- og framhaldsskólar. Skráðir félagsmenn voru 2.530 talsins við árslok 2016, þar af um 2.400 einstaklingar. Nýskráningar á árinu 2016 voru um 200 en einhver endurnýjun félaga á sér stað á hverju ári.

2.3 SAMSTARFSSAMNINGUR

Samstarfssamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti var undirritaður 21. mars 2013 og gildi hann frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016. Samningurinn fól í sér fjárframlag, 12 milljónir króna á ári, til að sinna fjölþættri þjónustu við foreldra skólubarna á öllu landinu. Sú upphæð hefur staðið óbreytt síðustu ár. Samningaviðræður við mennta- og menningarmálaráðuneyti hafa staðið yfir síðustu misseri og eru enn í gangi. Væntingar eru til að þeim ljúki á næstu vikum. Greitt hefur verið framlag sem nemur 6 milljónum króna sem fellur inn í þann samning sem gerður verður í framhaldinu.

| 3 | HELSTU VERKEFNI


3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Mikið er leitað til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Einnig er óskað eftir fræðslu og fyrirlestur og hafa Heimili og skóli ferðast vítt og breitt um landið á árinu með fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla.

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf með tölvupósti og facebook, eftir fremsta megni. Einnig heimsækir fólk þjónustumiðstöð Heimilis og skóla til að fá ráðgjöf og efni.

Þegar athugað er vegna hvers er helst hringt þá er helst hringt vegna nemanda (39%) en svo er hringt vegna mála sem falla undir annað (19%). Er það í raun lýsandi fyrir hversu flókið getur verið að flokka ráðgjöfina þar sem málin eru oft margþætt og geta fallið undir nokkra flokka. Þar á eftir er haft samband vegna námsefnis (17%) og svo aðbúnaðar/öryggis og stjórn skóla (um 9% í hvorum flokki fyrir sig). Því næst er haft samband vegna kennara (7%). Skoða má mynd 1 til að glöggva sig betur á skiptingunni.

MYND 1 - VEGNA HVERS ER HRINGT?




Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar eða í rúmlega helmingi tilfella (53%). Því næst koma skólástjórnenndur (16%) og svo foreldrafélög/foreldraráð og samstarfsaðilar (9% í hvorum flokki fyrir sig). Undir flokkinn „aðrir“ falla 5% ráðgjafar, aðstandendur leita ráðgjafar í 3% tilvika og því næst koma kennarar og stjórnslá (2% í hvorum flokki fyrir sig). Í 1% tilvika er ekki vitað hver leitar ráðgjafar. Sjá mynd 2.


Einhver breytileiki er á viðfangsefnum ráðgjafar milli ára en þó eru foreldrar ávallt meirihluti þeirra sem leita ráðgjafar og yfirleitt er hringt vegna nemanda. Skólástjórnenndur hafa í auknum mæli leitað til samtakanna árið 2016 miðað við árið á undan (fóru úr 5% ráðgjafar í 16%). Fjölmíðlar leita iðulega til samtakanna en þau samskipti eru ekki skráð sérstaklega enda tíð. Stundum skarast flokkarnir.

Mál nemenda eru flokkuð eftir hvort þau tengjast námi og/eða andlegri líðan. Oft skarast flokkunin þar sem sama mál getur fallið undir nokkra flokka.

MYND 3 - RÁÐGJÖF TENGD NETÖRYGGI



MYND 2 - HVERJIR HRINGJA?



Þegar kemur að námi eru um 26% ráðgjafarinnar tengd aðbúnaði, 19% tengjast kennslu og önnur 19% lögum og reglugerðum. Um 11% varða kennara, og rúm 7% skólástjórn, 7% sveitarfélag og 7% námsmat. Um 4% tengjast námsefni.

Þegar um er að ræða andlega líðan nemenda eru um 33% ráðgjafar vegna nemendaverndar. Þar á eftir koma: einelti (25%), hegðun (18%) og kvíði (12%). Því næst eru félagsleg einangrun (6%) sorg og þunglyndi (3%) og veikindi/fötulun (3%). Þetta hefur að vissu leyti snúist við þar sem nemendavernd var minnsti hluti ráðgjafar tengdri andlegri líðan nemenda í fyrra, eða um 8%. Þá var einelti stærsti hluti ráðgjafar í fyrrnefndu samhengi en er nú næststærsti hluti ráðgjafar er snýr að andlegri líðan nemenda.

Langoftast er hringt vegna grunnskólastigsins (84%) en þar á eftir kemur leikskólinn (13%). Er það breyting frá í fyrra en þá var sjaldan haft samband vegna leikskólastigsins. Í 3% tilvika er haft samband vegna framhaldsskólastigsins, líkt og í fyrra. Í raun ætti ekki að koma á óvart að grunnskólinn sé fyrirferðarmestur þar sem um er að ræða lengsta skólastigið og skólaskyldu. Einnig hafa samtökin þjónustað það skólastig frá upphafi.

Þegar foreldrasamtök hafa samband er oftast leitað eftir fræðslu og fyrirlestrum. Því næst er óskað eftir ráðgjöf um starfið og skipulag þess og spurt um aðkomu að stjórnslá, réttindi og skyldur.

Einnig er umtalsverður hluti ráðgjafarinnar tengdur netöryggi og fellur þá undir SAFT netöryggisverkefnið. Þar má helst nefna netöryggi/siðferði (35%), ráðgjöf (26%), lög og reglur (20%), og námsefni (19%) – sjá mynd 3.

Ráðgjöfin sem hjálparlína Rauða krossins sinnir skiptist á eftirfarandi hátt: sálræn vandamál (54,68%), félagsleg vandamál (9,89%), heilbrigðisvandamál



Fulltrúaráðsmót var haldið á Selfossi dagana 4. til 5. mars 2016. Þar funduðu stjórn og fulltrúaráð Heimilis og skóla.

(5,62%), neysla og fíkn (3,80%), ofbeldi (3,24%), spilavandi (0,45%), kynferðismál (1,23%) og ýmislegt (21,10%). SAFT hjálparlínan er hluti af hjálparlínu Rauða krossins, 1717.

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis þar sem um er að ræða samstarf um börn og unglinga. Samtökin bjóða upp á fyrirlestra og fræðslufni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Boðið er upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, Foreldrasáttmálann, Læsissáttmálann, aðalnámskrá, einelti og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Einnig eru haldin SAFT námskeið um örugga netnotkun barna og unglinga fyrir börn og foreldra. Öll fræðslan er í eðli sínu forvarnafræðsla.

Heimili og skóli hafa unnið að því að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök um land allt í gegnum fulltrúaráðið. Markmið þessa grasrótarstarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins. Einnig er listi yfir samstarfsaðila.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Svæðasamtök foreldra starfa víða um land. Þau eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga sem yfirleitt eiga fulltrúa í stjórnsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og haft áhrif á skólastarf.

Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa til setu í fulltrúaráði samtakanna.

Fulltrúaráðsfundur ársins 2016 var með veglegra sniði og var í raun haldið fulltrúaráðsmót 4.-5. mars á Hótel Selfossi. Um var að ræða vinnuhelgi stjórnar, starfsfólks og fulltrúaráðs Heimilis og skóla. Þátttakendur mættu til leiks á föstudegi, heimsóttu Vallaskóla og fengu innsýn í menntamál sveitarfélagsins hjá skólastjóranum og fræðslustjóra sveitarfélagsins. Því næst var fundað og farið yfir hlutverk stjórnar og fulltrúaráðs Heimilis og skóla og starfsreglur fulltrúaráðsins endurskoðaðar. Boðið var upp á kvöldverð á hótelinu og farið í Pub Quiz í kjölfarið. Á laugardagsmorgun hófst dagskráin með erindi Sigrúnar Eddu Eðvarðsdóttur úr stjórn Heimilis og skóla en hún sagði frá starfi Grunnstoðar í Garðabæ. Því næst var hópavinna þar sem rætt var hvernig best væri að standa að stofnun svæðaráða og hvert hlutverk svæðaráða væri. Eftir hádegisverð var farið yfir næstu skref og að lokum voru samantekt og umræður.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 21. sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, 11. maí 2016. Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, ávarpaði samkomuna og afhenti að því loknu verðlaunin ásamt Bryndísi Jónsdóttur, formanni dómnefndar og Önnu Margréti Sigurðardóttir, formanni stjórnar Heimilis og skóla. Nemendur úr Tónskóla Sigursveins fluttu tónlist við upphaf og lok viðburðarins.



Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2016.

Að þessu sinni hlutu Móðurmál, samtök um tvítýngi, Foreldraverðlaun Heimilis og skóla fyrir móðurmálskennslu. Samtökin voru stofnuð formlega árið 2001, en hafa boðið upp á móðurmálskennslu frá árinu 1994. Meginmarkmið samtakanna er að gefa börnum tækifæri til að læra og viðhalda eigin móðurmáli og miðla fræðslu til foreldra, skóla og almennings. Innan raða samtakanna starfar fjöldi einstaklinga sem eru tilbúnir að leggja á sig mikla sjálfböðavinnu til að halda úti tungumálakennslu fyrir börn sín og annarra. Móðurmálskennslan hefur farið fram í Reykjavík og veturinn 2015-2016 skipulögðu samtökin einnig móðurmálskennslu á Suðurnesjum. Í tilnefningunni sagði m.a.: „Það verður ómetanlegt fyrir lítið málsamfélag eins og Ísland að hér vaxi upp kynslóð ungs fólks sem kann mörg tungumál, ungt fólk sem á mörg móðurmál.“

Hvatningarverðlaunin 2016 hlaut foreldrafélag leikskólans Lautar í Grindavík. Foreldrafélagið hefur það að markmiði að efla aðkomu foreldra að starfi leikskólans og hefur verið með eindæmum hugmyndaríkt og drífandi og komið ýmsum hugmyndum í framkvæmd. „Fyrir tilstuðlan foreldrafélagsins hafa m.a. hjúkrunarfræðinemar komið og sett upp Bangsaspítala á Bangsadeginum, öll börn hafa fengið tannbursta og tannkrem í Tannverndarvikunni, boðið var upp á listasýningu og staðið var fyrir uppákomu á 112 deginum,“ segir í tilnefningunni.

Alls bárust 24 gildar tilnefningar til Foreldraverðlaunanna. Hægt er að skoða þær í bæklingi Foreldraverðlaunanna 2016.

Aðalmarkmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Í dómnefnd árið 2016 sátu:

- Bryndís Jónsdóttir, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
- Aðalheiður Steingrímsdóttir, Kennarasamband Íslands
- Guðni R. Björnsson, Foreldrahús – Vímulaus æska
- Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Stefanía Sörheller, Reykjavíkurborg
- Sveinbjörn Kristjánsson, Embætti landlæknis
- Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð

Sú hefð hefur skapast að heimsækja handhafa Foreldraverðlauna með mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum úr ráðuneytinu. Foreldrafélag Grunnskólans í Borgarnesi hlaut árið 2015 Foreldraverðlaunin fyrir verkefnið Gleðileikarnir. Ráðherra og formaður Heimilis og skóla heimsóttu því skólann ásamt fríðu föruneyti 8. febrúar 2016, skoðuðu skólann, spjölluðu við nemendur og

kennara, nutu skemmtiatriða og fengu kynningu nemenda á vatnsverkefninu svokallaða sem er hluti af evrópsku menntaáætluninni og eru þátttakendur sjö skólar í sex löndum, þ.á.m. Grunnskólinn í Borgarnesi. Dagskráin endaði á því að boðið var í bollukaffi, ráðherra hélt stutta tölu og viðstaddir áttu gott samtál um skólamál. Heimsóknin var fróðleg og skemmtileg og þökkum við kærlega góðar móttökur.

3.5. FORELDRADAGURINN

Foreldradagurinn var haldinn í sjötta sinn 9. nóvember 2016 í samstarfi við Félag grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga. Boðið var upp á morgunverðarfund fyrir foreldra, kennara og aðra áhugasama á Grand Hótel þar sem viðfangsefnið var kvíði barna og ungmenna, staða og lausnir. Aðgangseyrir var 2000 kr. og morgunverður innifalinn. Farið var yfir stöðuna bæði á grunn- og framhaldsskólastigi.

Dagskráin var eftirfarandi:

- Kvíði barna og ungmenna: Tengsl við svefn og samfélagsmiðla
- Ingibjörg E. Þórisdóttir, Rannsóknir og greining
- Sálfræðiþjónusta í grunn- og framhaldsskólum
- Hjalti Jónsson, Sálfræðiþjónusta Norðurlands
- Það er engin heilsa án geðheilsu: Geðrækt í skólum
- Sigrún Daníelsdóttir, Embætti landlæknis
- Umræður

Fundarstjóri var Þórunn Steindórsdóttir, grunnskólakennari. Samband íslenskra sveitarfélaga sá um að taka fundinn upp og eru upptökurnar aðgengilegar á vef Sambandsins og vef Heimilis og skóla.

3.6. LESTRARÁTAK ÆVARS VÍSINDAMANNS

Lestraráttak Ævars vísindamanns var að þessu sinni frá 1. janúar til 1. mars 2016. Átakið er hugarfóstur Ævars Þórs Benediktssonar, leikara og rithöfundar. Átakinu er ætlað að kveikja áhuga barna í 1. til 7. bekk í grunnskólum landsins á lestri og dregin eru út fimm nöfn úr innsendum miðum. Vinningshafar hlutu verðlaun þar sem þeir voru gerðir að persónum í stórhættulegri ævintýrabók *Bernskubrek Ævars vísindamanns: Vélmenningarásin*. Eftir talningu á innsendum lestrarmiðum kom í ljós að um 54 þúsund bækur voru lesnar í átakinu. Stærstur hluti grunnskóla landsins sendi inn lestrarmiða sem og Gladsaxeskóli í Danmörku þar sem íslensk börn eru meðal nemenda. Heimili og skóli voru auk annarra í samstarfi við Ævar og tóku við útfylltum lestrarmiðum og sendu upplýsingar um átakið á netverk samtakanna. Þar sem viðtökur voru svo góðar sem raun bar vitni var lestrarátak Ævars vísindamanns endurtekið árið 2017 og mun einnig verða áfram haldið árið 2018 þar sem ekkert lát er á vinsældunum.

3.7. SAFT

Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun
Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist *Safer Internet Action Plan*, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnið voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2020, undir formerkjunum *Better Internet*. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglunga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.



Foreldradagur Heimilis og skóla 2016.

Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Áðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org/www.betterinternetforkids.eu) og er samhæft af skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, og þremur ráðuneytum (mennta- og menningarmálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti) hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Einnig hafa skólastarfsmenn fengið fræðslu frá SAFT.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, innanríkis og velferðar, Háskóla Íslands, Barnaheill,

Fjölmiðlanefnd, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóra, Rauða krossi Íslands auk verkefnisstjóra SAFT. Í baklandi verkefnisins sitja fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úrviðskiptalífnum, frárannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnastjórn INSAFE og ýmsum nefndum og ráðum á vegum ESB.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2016 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í þrettánda sinn 9. febrúar 2016. Þemað var „Taktu þátt í að gera netið betra!“ og yfir 100 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. Í tilefni dagsins vakti SAFT athygli skólasamfélagsins á nýju námsefni fyrir öll skólastig og hvatti skólastjórnendur til þess að leggja áherslu á að finna því efni farveg í skólastarfinu. Kallað var til málþings fyrir aðila skólasamfélagsins um hvernig nemendur, kennarar og foreldrar geta lagt sitt af mörkum til að gera netið betra. Málþingið var tekið upp og má nálgast upptökur á saft.is og heimilioskoli.is.

Ungmennaráð SAFT

Ungmennaráð SAFT hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmennum á aldrinum 12-18 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig kenna megi ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og gefur álit sitt á fræðsluefni



Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2016.

sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins taka þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið og standa fyrir jafningjafræðslu í heimahéraði.

Árið 2016 var viðburðaríkt hjá ungmennaráðinu. Verkefni tengd *Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð* vakningarátakinu um alvarleika hatursræðu á netinu voru fyrirferðarmikil. Jafningjafræðsla um hatursræðu felst í því að fá nemendur á efsta stigi grunnskóla og framhaldsskólanema til að taka afstöðu til særandi og hatursfullra ummæla og ræða sín á milli hver verði helst fyrir barðinu á þeim, hvar þau komi fram á netinu og hvernig dreifingu þeirra er háttað. Fræðslan fer fram í formi leiks þar sem nemendum er skipt upp í umræðuhópa og skapast jafnan áleitni umræða í kjölfarið. Leikurinn vakti mikla lukku síðastliðið ár og sótti fulltrúi ungmennaráðsins, Guðný Rós Jónsdóttir, *Safer Internet Forum* í Lúxemborg 23. og 24. nóvember þar sem hún lýsti reynslu sinni af jafningjafræðslunni í málstofu um hatursræðu ásamt fulltrúum frá Evrópuráðinu, Twitter, Microsoft og netöryggismiðstöðinni í Bretlandi. Í framhaldinu birti hún grein um sama efni sem lesa má á betterinternetforkids.eu.

Á árinu átti SAFT í óformlegu samstarfi við Krakkarúv með það að markmiði að gefa meðlimum ungmennaráðsins tækifæri til þess að koma fram í *Krakkafréttum* og segja frá starfi ráðsins og gefa jafnöldrum góð ráð um örugga netnotkun. Á tímabilinu 28. janúar – 16. maí var fjallað sjö sinnum um málefni sem tengjast Heimili og skóla og SAFT. Ungmennin fjölluðu um málefni eins og börn og samfélagsmiðla, Aljóðlega netöryggisdaginn 2016, jafningjafræðslu ungmennaráðsins, hatursræðu á netinu og myndbirtingar, auk þess sem heill fréttapáttur var tileinkaður einelti. Ungmennaráðið kom einnig að gerð myndbands með skilaboðum til foreldra um mikilvægi samveru unglinga og foreldra á vegum SAMAN hópsins.

Eins tóku meðlimir ráðsins þátt í fjölda annarra viðburða og má þar nefna vinnufund um aðgerðir gegn ofbeldi 28. janúar, Aljóðlega netöryggisdaginn 9. febrúar, fund um neteinelti fyrir nýnema í Menntaskólanum á Akureyri 10. mars, ungmennaráðsfund hjá Menntamálastofnun 29. apríl (en í framhaldinu gerðust 2 fulltrúar ungmennaráðs SAFT stofnmeðlimir í nýju ungmennaráði Menntamálastofnunar), netnámskeið á vegum INSAFE um réttindi ungs fólks á netinu 25. maí og um stefnumótun í málefnum netsins 1. júní, málþingið *Orðstír deyr aldregi* um stafræna borgaravitund 2. júní, fund vinnuhóps um upplýsingatækni í skólastarfi á vegum Reykjavíkurborgar 9. júní, fund með fulltrúa Facebook á Norðurlöndum 25. ágúst og Fund fólksins 2. september. Auk þess stóðu



Um 600 börn í 1. - 10. bekk í Grundskóla á Akranesi frædd um netið og netöryggi.

ungmennin fyrir fjölmörgum fræðsluerindum um örugga netnotkun og hatursorðræðu víðs vegar um landið.

Fræðsluerindi

Fjölmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um land allt fyrir nemendur, kennara, foreldra og starfsfólk heilsugæslu og þjónustumiðstöðva. Boðið var upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Yfir skólamánuðina halda SAFT fyrirlesarar að jafnaði tvö til þrjú erindi á viku. SAFT fræðsla í 6. bekkjum grunnskóla hélt áfram.

Vefsíður

Heimasíða verkefnisins er <http://saft.is>. SAFT er líka með Facebook og Twitter síður og youtube rás.

Ábendingahnappur

Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT, Barnaheilla - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra.

Fréttablaðið

Á vormánuðum 2012 var samið við Fréttablaðið um birtingar á heilræðum SAFT til foreldra í óseldum auglýsingadálkum. Netheilræðin 10 voru útfærð í mismunandi stærðum og hafa birst minnst eitt á dag síðan í júní 2012 og eru enn í birtingu ásamt áminningu um ábendingahnappinn.

Aldursviðmið

Á árinu gaf SAFT út einblöðung með upplýsingum um aldursviðmið helstu samfélagsmiðla.

Kennsluáætlun

Á árinu gaf SAFT út kennsluáætlunina *Bekkjarverkefni um samfélagsmiðla* og dreifði á alla grunnskóla landsins.



Ungmennaráðsfulltrúi SAFT tekur til máls á Safer Internet Forum í Lúxemborg.

Þemadagur

Á árinu gaf SAFT út verkefnabanka fyrir umsjónarkennara og leiðbeiningar fyrir skóla um hvernig megi skipuleggja þemadaga í skólanum um örugga netnotkun.

Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð

SAFT leiðir verkefni um hatursorðræðu á netinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn. Verkefnið stuðlar að jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um

hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis og styðja þau í að verja mannréttindi á netinu. Ýmsir viðburðir voru haldnir á árinu til þess að vekja athygli á verkefninu.

Annað efni

Á árinu var einnig unnið að því að setja upp opið netnámskeið um stafræna borgaravitund í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ, 3f og Menntasmiðju. Hannað var veggspjald með heilræðum um myndbirtingar á netinu. SAFT hóf einnig undirbúning að nýrri SAFT könnun í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Núverandi samningur

Nýr samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður 2016 og gildir hann til desember 2018. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta netöryggisáætlunar ESB. Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Rauði kross Ísland, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill – Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Í þessum samningi sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingalína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og innanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra).

| 4 | ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

4.1. ÚTGÁFA

Foreldrasáttmálinn er í stöðugri prentun enda vinsæll og sniðugt tæki til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamætti. Á árinu voru útbúnar kynningarglærur fyrir Foreldrasáttmála og gerðar aðgengilegar á heimasíðu til að auðvelda fulltrúum foreldra kynningu og fyrirliðni sáttmálans. Samtökin hafa um árabíl dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum. Þá er talsverð eftirspurn eftir bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli). Upplýsingar um eldra efni sem enn er í dreifingu má finna á <http://heimiliogskoli.is> og <http://saft.is>.

Læsisáttmáli

Fulltrúar Heimilis og skóla eru aðilar að þjóðarsáttmála um læsi fyrir hönd foreldra í landinu. Samtökin gerðu samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti í janúar 2016 um að útbúa Læsisáttmála fyrir foreldra og innleiða hann í skóla landsins. Við undirbúning Læsisáttmála var settur saman rýnihópur fagfólks sem kom m.a. frá Kennarasambandi Íslands, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, menntasviði Reykjavíkurborgar, Menntamálastofnun o.fl. sem unnu að gerð sáttmálans ásamt starfsfólki Heimilis og skóla. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla rit- og verkstyrði verkefninu. Einnig var sáttmálinn sendur víðar

til yfirlstrar. Lögð var lokahönd á efni og hönnun sáttmálans á vordögum 2016 en á haustmánuðum fór starfsfólk Heimilis og skóla um landið og kynnti Læsisáttmálann fyrir skólastjórnendum, kennurum og foreldrum. Áður var sent kynningarbréf. Með innleiðingu sáttmálans var höfðað til samtakamáttar og samábyrgðar foreldra. Sáttmálanum svipar til Foreldrasáttmála Heimilis og skóla sem notið hefur mikilla vinsælda. Læsisáttmálinn inniheldur sex atriði um lestur og læsi sem rædd eru á fundi bekkjarforeldra með umsjónarkennara. Á fundinum er efni sáttmálans rætt og ítarefni dreift til foreldra þar sem farið er nánar í hvert atriði sáttmálans. Þegar umræður hafa farið fram og foreldrar borið saman bækur sínar um hvað þeim finnst mikilvægt í þessu samhengi er sáttmálinn undirritaður og hengdur upp, yfirlétt í skólastofu barnanna. Þannig eru umræðurnar rammaðar inn á táknrænan hátt og sýnilegar nemendum. Markmiðið er að sáttmálinn verði notaður reglulega um land allt sem liður í að efla læsi barna á Íslandi og einnig að hann stuðli að því að styrkja samstarf heimila og skóla í landinu. Auk sáttmála og ítarefnis voru útbúin bókamerki, kvittanahefti og ísskápsseglar sem tengjast verkefninu. Seglar voru sendir með tímariti Heimilis og skóla til foreldra barna sem hófu nám í 1. bekk grunnskóla árið 2016. Einnig voru útbúin lestrarbingó til að nýta í skólafríum.



Tímarit Heimilis og skóla kom út haustið 2016 og var tileinkað degi barnsins, þ.e. hvernig og hve mikið við skipuleggjum dag barnsins.



Læsisáttmáli Heimilis og skóla kom út á árinu.

Tímarit

Tímarit Heimilis og skóla kom út í september 2016 og var að þessu sinni tileinkað degi barnsins. Tímaritinu var dreift til félagsmanna Heimilis og skóla, allra leik-, grunn- og framhaldsskóla landsins, greinarhöfunda og auglýsenda og á bókasöfn. Tímaritið var einnig sent á foreldra allra barna sem hófu skólagöngu haustið 2016 og þeim boðin félagsaðild.

Samstíga

Vefrit samtakanna, Samstíga, kom níu sinnum út árið 2016. Það er sent út á rafrænu formi til foreldra á öllum skólastigum (og annarra sem þess óska) og segir frá helstu viðburðum sem samtökin standa fyrir hverju sinni.

4.2. HEIMASÍÐA OG FACEBOOK

Á heimasíðu samtakanna, <http://heimiliogskoli.is>, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi.

Heimasíðan var uppfærð á árinu og bætt við sérstöku svæði fyrir læsi.

Heimili og skóli eru með virka fésbókarsíðu (Facebook) sem opnuð var haustið 2009, Youtube rás og Twitter aðgang. Samtökin hafa nú eignast 3.644 fylgjendur, þegar þetta er ritað. Færðar eru inn fréttir og annað efni í hverri viku. Heimasíða og fésbókarsíða eru hugsaðar í samhengi þannig að þær styðji hvor við aðra. Þannig eru tíðari uppfærslur á fésbókinni en stöðugri upplýsingar og efni á heimasíðu.

SAFT er með eigin síðu, <http://saft.is> og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. facebook (1.807 fylgjendur), Twitter og Youtube. Auk þessa sjáum við um vefsíðuna neteinelti.is og facebook síðurnar neteinelti.is (802 fylgjendur) og Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð (1.619 fylgjendur). Einnig skrifaði framkvæmdastjóri Heimilis og skóla pistla á fjölskylduvefinn Úllendúllen (ullendullen.is) árið 2016.

| 5 | ANNÁLL: FUNDIR, FRÆÐSLA OG AÐRIR VIÐBURÐIR

Ýmiss konar ráðstefnur og fundir voru sótt af starfsfólki og stjórnarmeðlimum Heimilis og skóla árið 2016. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og málþinga og héldu erindi. Samtökin eiga í viðtæku samstarfi við ýmsa aðila innanlands og utan.

Janúar

Árið hófst á lestrarátaki Ævars vísindamanns en Heimili og skóli voru samstarfsaðilar í atakinu sem stóð yfir frá 1. janúar til 1. mars 2016. Stjórn Heimilis og skóla sendi ábendingar til Menntamálastofnunar þann 18. janúar 2016 vegna rafræns vitnisburðarskrifteinis, í kjölfar þess að Menntamálastofnun óskaði eftir ábendingum á Facebook síðu sinni um það sem mætti mögulega betur fara í umræddu skirteini. Ábendingin sneri að því að stjórn Heimilis og skóla þætti miður að list- og verkgreinar væru í nýju vitnisburðarskrifteini allar felldar inn í eina einkunn, þ.e. listgreinar væru

ein einkunn og verkgreinar önnur. Þetta væri ekki í anda nýrrar aðalnámskrár og hæfniviðmiða. Stjórnin óskaði eftir að sjá list- og verkgreinum gert hærra undir höfði með því að gefa sér einkunn fyrir hvert fag líkt og gert væri með tungumálin.

Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla var til viðtals í Kastljósi 26. janúar um kvíða barna og unglunga sem var mikið til umræðu á árinu. Þann 27. janúar var haldinn fyrsti Náum áttum fundur ársins og var yfirskriftin *Er geðheilbrigði forréttindi? 1001 dagur í lífi hvers barns*. Sama dag undirrituðu Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla, samning um gerð Læsisáttmála fyrir foreldra og kynningarefnis í Áslandsskóla í Hafnarfirði. Undirritunin fór fram við hátíðlega athöfn þar sem talkór nemenda fór með kvæði og gestir voru viðstaddir. Boðið var upp á kaffi og meðlæti í lokin. Krakkafréttir fluttu fregnir af Læsisáttmálanum 29. janúar. Rætt var um fyrirhugað áfengisfrumvarp í janúarmánuði og ljóst frá byrjun að mikil andstaða var við frumvarpið. Í mánuðinum bárust enn fremur fregnir af því að enn ætti að skera niður í grunnskólum Reykjavíkur og að skólastjórar hefðu áhyggjur af skertri þjónustu við nemendur. Félag stjórnenda leikskóla taldi að komið væri inn að beini í skerðingu á fjármagni til leikskóla og stjórnir samninganefndar Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands töldu einnig að óbreytt staða myndi leiða til verulega skertrar þjónustu við nemendur skólanna. Í framhaldinu sendi stjórn Heimilis og skóla frá sér ályktun.

Febrúar

Haldið var upp á Dag leikskólans 5. febrúar í Bíó Paradís. Ákveðið var að veita hvatningarverðlaunin Orðsporíð þeim sem þætti hafa skarað fram úr við að fjölga körlum í stétt leikskólakennara. Ásmundur K. Örnólfsson, aðstoðarleikskólastjóri í



Aðalfundur Heimilis og skóla var haldinn í fundarsal SAMFOK mánudaginn 11. apríl 2016.

leikskólanum Ægisborg, hlaut Orðsperið 2016 og Dagur B. Eggertsson afhenti Ásmundi Orðsperið við hátíðlega athöfn. Auk Ásmundar voru leikskólarnir Grænaborg og Rauðhóll tilnefndir en þar hefur markvisst verið unnið að því að menning skólans geri vinnustaðinn eftirsóknarverðan óháð kyni. Við þetta tilefni voru sýndar stuttmyndir frá nokkrum leikskólum sem gerðar voru fyrir daginn.

Þann 8. febrúar heimsóttu mennta- og menningarmálaráðherra og formaður Heimilis og skóla Grunnskólann í Borgarnesi ásamt fríðu föruneyti. Tilefnið var að foreldrafélag skólans hlaut árið áður Foreldraverðlaun Heimilis og skóla. Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur 9. febrúar 2016 með málþingi í Bratta, Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þar hittust aðilar skólasamfélagsins og rætt var hvernig nemendur, kennarar og foreldrar geta lagt sitt af mörkum til að gera netið betra.

Þann 11. febrúar sendi stjórn Heimilis og skóla frá sér ályktun þar sem tekið var undir áhyggjur Félags stjórnenda leikskóla og samninganefnda Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands varðandi yfirvofandi niðurskurð í leik- og grunnskólum og bent á að vandséð væri hvernig markmiðum Hvítbókar mennta- og menningarmálaráðherra yrði náð þegar skólum landsins yrði gert nær ókleift að uppfylla lögbundnar skyldur sínar gagnvart nemendum vegna fjárskorts. Í kjölfar mikilla umræðna um notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum sendi stjórn Heimilis og skóla ásamt fjölmönnum hópi foreldra



Að þessu sinni voru lesnar um 54 þúsund bækur og tóku flestir grunnskólar landsins þátt í í lestrarátaki Ævars vísindamanns.



Bára Mjöll Þórðardóttir, markaðsstjóri Vodafone og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, undirrituðu samstarfssamning til tveggja ára um útgáfu tímarits um netöryggi og framleiðslu segla með Netorðunum fimm.

sem vinnur gegn notkun dekkjakurla (Nýjan völl án tafar. Öll dekkjakurl til grafar) beiðni til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 18. febrúar um að rannsaka hvort Reykjavíkurborg hafi brotið REACH reglugerðina, nr. 888/2015, sem fjallar m.a. um notkun tiltekinna hættulegra efna og efnablanda. Einnig sendu samtökin áskorun til annarra sveitarfélaga landsins um að skoða þessi mál í sinni heimabyggð. Í framhaldinu sendu stjórn Heimilis og skóla og framkvæmdastjóri frá sér ítarlega umsögn 26. febrúar 2016 um 328. mál – þingskjal 390, þingsályktun um notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum. Farið var fram á að unnið yrði að því án tafar að endurnýja þá velli sem þaktir væru heilsuspillandi dekkjakurla svo börn njóti vafans og geti leikið sér og þjálfað sína færni örugg og við heilsusamlegar aðstæður. Þann 23. febrúar ræddu þáttastjórnendur Síðdegisútvarpsins við framkvæmdastjóra Heimilis og skóla um hin margumtöluðu vetrarfrí sem höfðu þá verið við lýði hér á landi í 14 ár. Ungmennaráð SAFT kom fram í Krakkafréttum RÚV 24. febrúar en þar var sagt frá jafningjafræðslu SAFT í Sunnulækjarskóla á Selfossi.

Mars

Í mars hrúguðust inn lestrarmiðar í lestrarátaki Ævars vísindamanns en lesnar voru alls um 54.000 bækur. Dregið var 14. mars úr innsendum miðum. Helgina 5.-7. mars var vinnuhelgi stjórnar og fulltrúaráðs Heimilis og skóla á Selfossi. Þátttakendur heimsóttu m.a. Vallaskóla og fengu innsýn í menntamál sveitarfélagsins hjá skólastjóranum og fræðslustjóra sveitarfélagsins.

Heimili og skóli létu útbúa páskalestrarbingó og kynntu fyrir páskana. Bingóspjaldið er að finna á vef Heimilis og skóla. Auglýst var eftir tilnefningum til Foreldraverðlauna í mánuðinum og Náum

áttum hélt morgunverðarfund um leikskólastarf og forvarnir 16. mars. Bára Mjöll Þórðardóttir, markaðsstjóri Vodafone og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, undirrituðu í mánuðinum samstarfssamning til tveggja ára um útgáfu tímarits um netöryggi og framleiðslu segla með Netorðunum fimm. Stóra upplestrarkeppnin fór að venju fram í marsmánuði og voru vinningshafar valdir um land allt.

Apríl

Aðalfundur Heimilis og skóla var haldinn 11. apríl 2016. Þá voru m.a. kynnt ársskýrsla samtakanna og ársreikningur og kosið til stjórnar. Í mánuðinum voru gerðar aðgengilegar kynningarglærur fyrir Foreldrasáttmála Heimilis og skóla til að aðstoða foreldra og auðvelda þeim kynningu og fyrirlögn sáttmálans. Náum áttum hélt morgunverðarfund 27. apríl undir yfirskriftinni *Eru börn í framhaldsskólum? Ábyrgð foreldra og skóla á velferð barna*. Þann 28. apríl var haldið lausnabing um málefni barna sem passa ekki í „kassann“. Að því komu ýmis samtök er vinna að velferð barna (þrýstihópur um bættu þjónustu við börn) en SAMFOK leiddi saman hópinn og skipulagði málþingið í samstarfi við fyrrnefnda aðila, þ.á.m. Heimili og skóla.

Maí

Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla ræddi um einelti í fréttum Ríkissjónvarpsins 7. maí. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent við hátíðlega athöfn 11. maí og voru einnig afhent Hvatningarverðlaun. Stóra upplestrarkeppnin fagnaði 20 ára afmæli á árinu og af því tilefni var boðað til málþings undir yfirskriftinni *Sæktu þér að lesa sögur eða ljóð í Norræna húsinu* 12. maí. Við sama tilefni var undirritaður samstarfssamningur Stóru upplestrarkeppninnar við mennta- og menningarmálaráðuneyti til eins árs. SAMAN

hópurinn dreifði myndböndum þar sem var m.a. rætt við unglinga um forvarnir og samveru barna og foreldra og kynnti hópurinn einnig niðurstöður foreldrakönnunar í framhaldsskólum sem unnin var að frumkvæði SAMAN hópsins.

Júní

Þann 2. júní stóðu nokkrir samstarfsaðilar að málþingi um stafræna borgaravitund, menntun og uppeldi. Heimili og skóli og SAFT voru þar meðal samstarfsaðila. Málþingið var haldið undir yfirskriftinni *Orðstír deyr aldregi* í aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla setti málþingið og við tók erindi frá dr. Jason Ohler, hringborðsumræða og fiskabúrsumræða. Kynningarbréf um Læsisáttmála Heimilis og skóla var sent út í mánuðinum og rætt var við framkvæmdastjóra Heimilis og skóla um Læsisáttmálann í kynningarriti sem mennta- og menningarmálaráðuneyti lét útbúa um nýtt einkunnakerfi, þjóðarsáttmála um læsi og samræmd könnunarpróf. SAMAN hópurinn spurði forsetaframbjóðendur út í dýrmætustu æskuminningar sínar og gerði myndbönd með þeim viðtölum. Einnig voru þeir spurðir út í hvernig þeir verja frístundum með fjölskyldum sínum. Sumarlestrarbingó Heimilis og skóla var kynnt seinni hluta mánaðarins.

Júlí

Sumarleyfi og þjónustumiðstöð lokuð.

Ágúst

SAMAN hópurinn skoraði á fjölskyldur að vera saman á Menningarnótt og fara saman heim um kvöldið. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla skrifaði pistil um ánægjulega skólabyrjun fyrir fjölskylduvefinn Úllendúllen og Christine Grahn frá Facebook fundaði hjá Heimili og skóla með



Mennta- og menningarmálaráðherra og formaður Heimilis og skóla heimsóttu Grunnskólann í Borgarnesi.



Fulltrúar SAFT funduðu með Christine Grahn frá Facebook.



Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla – landsamtaka foreldra, undirrituðu samning um gerð Læsisáttmála fyrir foreldra og kynningarefnis í Áslandsskóla í Hafnarfirði. Markmið sáttmálans er að virkja foreldra í lestrarnámi og lestrarþjálfun barna sinna.

fulltrúum SAFT á Íslandi 25. ágúst 2016. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla kom í þáttinn Samfélagið á RÚV 29. ágúst og ræddi helstu verkefni samtakanna og SAFT, þ.á.m. fundinn með Facebook, Læsisáttmálann og foreldrastarf. Undir lok ágúst skoraði stjórn SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólakennara í Reykjavík, á borgaryfirvöld að grípa til aðgerða til að ekki kæmi til alvarlegrar skerðingar á þjónustu í grunnskólum borgarinnar. Heimili og skólu tóku undir þessa áskorun og skoruðu einnig á borgaryfirvöld að sjá til þess að ekki þyrfti að skerða þjónustu við börn í leikskólum borgarinnar og foreldra þeirra.

September

Nýr Læsisáttmáli Heimilis og skóla var kynntur við hátíðlega athöfn í Árborg 1. september og fór athöfnin fram í Vallaskóla. Samkomunni stýrði Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla. Til máls tóku Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla og Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri. Ungu fólkið átti glæsilega fulltrúa á samkomunni. Tveir nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga voru með tónlistaratriði og sigurvegari Stóru upplestrarkeppninnar í Árborg, Hveragerði og Ölfus flutti ljóð. Eftir athöfnina var boðið upp á veitingar. Í kjölfarið var Læsisáttmálinn kynntur víða um land skólaárið 2016-2017. Einnig voru reglulega haldin önnur fræðsluerindi og fundir, s.s. SAFT fræðsla fyrir börn og foreldra og fræðsla fyrir bekkjarfulltrúa.

Fundur fólksins var haldinn í Norræna húsinu dagana 2. og 3. september. Ungmennaráð SAFT tók þar þátt. Í byrjun september komst NOVA snappið í hámaili þegar vafasömu efni var þar dreift án fyrirvara til notenda sem margir hverjir voru á barnsaldri. Leitað var eftir viðbrögðum forsvarsmanna Heimilis og skóla og var m.a.

rætt við framkvæmdastjóra Heimilis og skóla og varaformann Heimilis og skóla, Jenný Ingudóttur. Göngum í skólann hófst 7. september og rætt var við framkvæmdastjóra Heimilis og skóla um mögulegt verkfall grunnskólakennara. Þann 8. september var Dagur læsis og birtist af því tilefni grein eftir framkvæmdastjóra í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni Lestur er ævilöng iðja. Þar var m.a. fjallað um Læsisáttmála Heimilis og skóla. Viðtal við framkvæmdastjóra um Læsisáttmálann birtist á fjölskylduvefnum Úllendúllen og var þar m.a. fjallað um fyrstu viðbrögð foreldra og helstu vangaveltur. Þann 12. september birtist grein eftir framkvæmdastjóra á Vísí undir heitinu *Oheillapróun sem snúa þarf við*. Þar var einkum fjallað um yfirvofandi kennaraskort og þær alvarlegu afleiðingar sem honum fylgja.

Smásagnasamkeppni Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla fór af stað í mánuðinum og tímarit Heimilis og skóla kom út. Norræn ráðstefna NOKO, Nordisk Komitté, um foreldrasamstarf var haldin í Solna í Svíþjóð 16. og 17. september og voru framkvæmdastjóri og verkefnastjóri Heimilis og skóla m.a. með vinnustofu um netöryggi. Fjórir þátttakendur voru frá Íslandi en því miður forfallaðist sá fimmti á síðustu stundu. Einnig funduðu formenn og framkvæmdastjórar foreldrasamtaka á Norðurlöndunum og Norðmenn tóku við formennsku í NOKO. Formaður Forældreutvalget (FUG) í Noregi, Gunn Iren Müller, mun því gegna formennsku næstu tvö árin. Stjórn Heimilis og skóla sendi frá sér ályktun 30. september þar sem lýst var yfir áhyggjum af fjárhagsstöðu framhaldsskóla í landinu en fram hafði komið að framlög til framhaldsskóla dygðu ekki til og að margir þeirra væru í greiðsluvanda. Ekki væri um nýjan vanda að ræða þar sem sama umræða var uppi árið 2013 þar sem fjáframlög drógust saman um 12 milljarða króna frá árinu 2007. Einnig höfðu kjarasamningar



Lausnæping um málefni barna sem passa ekki í „kassann“ var haldið 28. apríl 2016 í húsnæði Menntavísindasviðs.

kennara áhrif á rekstur framhaldsskólanna þar sem ekki var gert ráð fyrir þeirri viðbót í rekstrarreikningi skólanna. Rætt var um að endurskoða þyrfti reiknilíkanið sem unnið hefur verið eftir þar sem forsendur hafa breyst síðan það var tekið í notkun. Eins og staðan var áttu framhaldsskólar fullt í fangi með að halda uppi lögboðinni þjónustu við nemendur sína, ekki síst skólar sem bjóða upp á námsgreinar sem kalla á mikinn efniskostnað, s.s. verknám. Bent var á að rekstur skólanna væri samfélagslegt verkefni og að ríkið hefði skyldur gagnvart nemendum.

Október

Úrslit í smásagnasamkeppni Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla voru kunngerð við hátíðlega athöfn í Kennarahúsinu á Alþjóðadegi kennara, 5. október. Félagagjöld voru innheimt í mánuðinum eftir að tímarit samtakanna hafði verið sent félagsmönnum og foreldrum barna sem voru að hefja nám í 1. bekk. Menntakvika var haldin 7. október og sótti starfsfólk Heimilis og skóla ýmis áhugaverð erindi á Menntakvikunni. SAMFOK, Umboðsmaður barna og Heimili og skóli frumsýndu myndbönd um skólaráð og nemendafélög og dreifðu í kjölfarið á netinu og á fræðsluerindum. Þrýstihópur um bættu þjónustu við börn sendi spurningar til stjórnmalaflokka í aðdraganda Alþingiskosninga og voru svör þeirra birt í lok október.

Nóvember

Fjallað var um Foreldradaginn og viðfangsefni hans í viðtali við framkvæmdastjóra Heimilis og skóla í Morgunútvarpinu 4. nóvember. Þann 8. nóvember ýtti SAFF – Samstarf félagasamtaka í forvörnum úr vör undirskriftarsöfnun þar sem hvatt var til þess að rafrettur yrðu settar undir lög um tóbaksvarnir til að hefta aðgang barna og ungmenna að þeim

og varðveita góðan árangur í tóbaksvörnum meðal ungs fólks á Íslandi. Foreldradagur Heimilis og skóla var haldinn 9. nóvember í samstarfi við Félag grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga. Boðið var upp á morgunverðarfund fyrir foreldra, kennara og aðra áhugasama um kvíða barna og ungmenna. Í kjölfarið var fjallað um Foreldradaginn á mbl.is og kom þar m.a. fram að löngu væri orðið tímabært að auka áherslu á geðrækt og að bæta geðheilsu ungs fólks á Íslandi. Einnig var fjallað um Foreldradaginn og viðfangsefni hans í viðtali á RÚV við Ingibjörgu Evu Þórisdóttur, sérfræðing hjá Rannsóknunum og greiningu, þar sem rætt var m.a. um nýjar niðurstöður í tengslum við kvíða og þunglyndi barna. Haldinn var Náum áttum fundur 16. nóvember undir yfirskriftinni *Of mikið á netinu?* Þar var fjallað um netnotkun barna og unglunga með snjalltækjum og hvernig best væri að bregðast við þeim vanda sem kæmi fram í nýjum könnunum meðal skólabarna. Meðal fyrirlesara var Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, og fjallaði hún um snjalltæki og úrræði fyrir foreldra og skóla til að hafa stjórn á netnotkun barna.

Desember

SAMAN hópurinn bauð upp á jóladagatal sem minnir á að samvera með fjölskyldunni er mikilvæg. Heimili og skóli kynntu jólalestrarbingó sem hægt er að nálgast á heimasíðu. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla og Gylfi Jón Gylfason, sviðsstjóri matssviðs Menntamálastofnunar, ræddu PISA könnunina í Speglinum á RÚV, 7. desember. Hlynur Bæringsson, fyrirlíði körfuboltalandsliðs karla og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, voru gestir Þjóðbrautar á Hringbraut 19. desember. Þar var farið yfir víðan völl og m.a. rætt um PISA, skólamál, líðan barna og einstakan árangur í íþróttum á árinu 2016.

| 6 | SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landsamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnarverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna og samstarfi heimila og skóla.

- *Velferðarvaktin*, Jenný Ingudóttir og Þröstur Jónasson til vara.
- *Náum áttum* er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum morgunverðarfundum. Sólveig Karlsdóttir.
- *Vika 43*–Vímuvarnavikan. Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólveig Karlsdóttir.
- *SAMAN-hópurinn* vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Hópurinn heldur samráðsfundi einu sinni í mánuði. Björn R. Egilsson,.
- Heimili og skóli eiga aðild að *Samstarfi félagasamtaka í forvörnum (SAFF)*, sem er samráðsvettvangur forvarnarsamtaka á Íslandi þar sem athygli er beint að börnum og forvarnarstarfi. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann*. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla er Sólveig Karlsdóttir.



Ásmundur K. Örnólfsson, aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Ægisborg, hlaut Orðsporið 2016. Hér er hann ásamt borgarstjóra, öðrum tilnefndum og samstarfshópi um Dag leikskólans.

- Heimili og skóli eiga aðild að *Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn*, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í félagsráði Radda.
- *Dagur leikskólans* er haldinn á hverju ári og viðurkenningin Orðsporið afhent við það tækifæri. Hrefna Sigurjónsdóttir á sæti í undirbúningsnefnd og dómnefnd.
- *Samstarfsnefnd um verkefni Evrópuráðsins um hatursorðfæri á netinu (No Hate Speech Movement)*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT, er formaður þeirrar nefndar en Sólveig Karlsdóttir stýrir verkefninu.
- *Samráðsnefnd leik- og grunnskóla*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Anna M. Sigurðardóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara.
- *Fagråd um bættu umferðarmenningu*, innanríkisráðuneyti. Anna M. Sigurðardóttir.
- *RANNUM – rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun*. Guðberg K. Jónsson og Hrefna Sigurjónsdóttir til vara.
- *Gegn einelti – verkefnisstjórn eineltisteymis*. Ráðuneyti mennta- og menningarmála, innanríkismála og fjármála. Guðberg K. Jónsson er þar ráðgefandi fyrir SAFT verkefnið.
- *Rýnihópur Læsissáttmála*, Heimili og skóli. Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólveig Karlsdóttir.
- *Nefnd um nýtt námsmat*, Menntamálastofnun. Bryndís Jónsdóttir.
- *Dómnefnd í smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla*. Bryndís Jónsdóttir.
- *Fag- og stýrihópur heilsueflandi grunnskóla*, Embætti landlæknis. Sólveig Karlsdóttir.
- *Fagråd um áfengis- og vímuvarnir*. Sólveig Karlsdóttir.
- *Samráðshópur um ofbeldisforvarnir*, Embætti landlæknis. Sólveig Karlsdóttir.
- *Starfshópur um ábyrga notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla- og frístundastarfi*, Reykjavíkurborg. Guðberg K. Jónsson og Sólveig Karlsdóttir.
- *Úttekt á menntun án aðgreiningar í samstarfi við Evrópumíðstöð*, mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hrefna Sigurjónsdóttir.
- *Net- og upplýsingaöryggi, stefnumótun*, innanríkisráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Starfshópur sem vinnur að því að kortleggja úrræði lögreglu vegna dreifingar kláms á netinu og gera tillögur að breytingum, einkum m.t.t. þess að börn hafi ekki aðgang að grófu efni,*

- innanríkisráðuneyti. Guðberg K. Jónsson.
- *Ráðgjafanefnd Menntamálastofnunar*. Heimir Eggerz Jóhannsson.
- *Innleiðing rafrænna prófa*, Menntamálastofnun. Pröstur Jónasson.
- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af Almannaheill – samtökum þriðja geirans. Ketill B. Magnússon er formaður stjórnar Almannaheilla fyrir hönd Heimilis og skóla.
- Stjórn og starfsfólk Heimilis og skóla veita umsagnir til Alþingis vegna þingsályktana og eða frumvarpa til laga þegar við á.
- Heimili og skóli hafa í gegnum árin tekið á móti starfsmenum frá Menntavísindasviði. Árið 2016 fengum við tvo starfsmenn úr uppeldis- og menntunarfræði í Háskóla Íslands.
- Fjölmíðlar leita gjarnan til samtakanna og verða þá yfirleitt framkvæmdastjóri og formaður/ varaformaður Heimilis og skóla fyrir svörum. Starfsmenn samtakanna skrifa einnig greinar og annað efni í fjölmíðla og veita upplýsingar.



| 7 | NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli eru í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Komitté, með foreldrasamtökum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Heimili og skóli sömdu um að greiða lægra árgjald þegar þráðurinn var tekinn upp í samstarfinu að nýju en samtökin greiddu þó sérstaklega fyrir þær ráðstefnur og fundi sem sótt voru. Ætlunin var að verða aftur fullgildir félagar og kom það til framkvæmda árið 2017. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Formaður og framkvæmdastjóri Heimilis og skóla sóttu fund

NOKO í Osló 3.-4. mars 2016. Norræn ráðstefna NOKO, Nordisk Komitté, um foreldrasamstarf var haldin í Solna í Svíþjóð 16. og 17. september og voru framkvæmdastjóri og verkefnastjóri Heimilis og skóla m.a. með vinnustofu um netöryggi. Fjórir þátttakendur voru frá Íslandi en því miður forfallaðist sá fimmti á síðustu stundu. Einnig funduðu formenn og framkvæmdastjórar foreldrasamtaka á Norðurlöndunum og Norðmenn tóku við formennsku í NOKO. Formaður Forældreutvalget (FUG) í Noregi, Gunn Iren Müller, mun gegna formennsku næstu tvö árin en Finnar fara áfram með verkstjórn.



NOKO ráðstefna í Solna, Svíþjóð, 16.-17. september 2016.

| 8 | LOKAORÐ

Tímamót eru í starfsemi Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra. Árið 2016 var 24. starfsár samtakanna og og höldum við því upp á aldarfjórðungsafmæli í ár, 2017. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum árum og framgangur foreldrasamstarfs í landinu hefur verið mikill. Í dag þykir eðlilegt að leita eftir röddum foreldra hvort heldur sem er í starfsemi skólanna þar sem foreldrar eiga fulltrúa í skólaráðum og foreldraráðum eða í stjórnslunni þar sem leitast er við að fá fulltrúa foreldra í hina ýmsu starfshópa þar sem fjallað er um skólamál og velferð barna. Fulltrúar foreldra sitja sem áheyrnarfulltrúar í fræðslunefndum sveitarfélaga og nú er svo komið að mörg sveitarfélög greiða þóknun fyrir þessa vinnu.

Mikið hefur verið fjallað um íslenska módelið í erlendum fjölmiðlum, en það snýst um hinn gríðarlega góða árangur sem náðst hefur í forvarnarmálum á Íslandi á undanförunum áratugum. Þennan góða árangur má þakka samstilltu átaki ríkis, sveitarfélaga, ýmissa samtaka og ekki síst foreldrum sem hafa sameinast um viðmið og ramma í uppeldi barna sinna. Markmið Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra er að stuðla að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla sem og foreldra innbyrðis. Rannsóknir hafa sýnt að þessir þættir í foreldrastarfi hafa gríðarleg forvarnaráhrif og góð áhrif á skólagöngu sem og námsárangur nemenda. Ekki má slá slöku við í fræðslu til foreldra því sífellt bætast við nýir árgangar nemenda og foreldra sem feta sín fyrstu spor í uppeldishlutverkinu.

Í lok árs rann út fjögurra ára samstarfssamningur samtakanna við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Viðræður hafa staðið yfir og stefnt er að undirritun nýs samnings á árinu 2017. Allt frá stofnun samtakanna árið 1992 hafa framlög félagsmanna í formi árgjalda verið mikilvægur fjárhagsgrunnur samtakanna. Mikil vinna hefur verið lögð í öflun félaga en árangurinn hefur ekki verið eins og vonir hafa staðið til. Þegar við berum okkur saman við systursamtök okkar á Norðurlöndunum og hvernig þau eru fjármögnuð kemur í ljós að þar er traustur fjárstuðningur ýmist frá ríki eða sveitarfélögum. Til þess að Heimili og skóli geti uppfyllt markmið sín og náð með fræðslu til foreldra skólabarna á leik, grunn- og framhaldsskólastigi á landinu öllu þarf öflugan stuðning ríkis og sveitarfélaga.

Á árinu gáfum við út Læsisáttmála og efni tengt honum. Sérstakur samningur var gerður við mennta- og menningarmálaráðherra um Læsisáttmálann



Anna Margrét Sigurðardóttir
formaður

og hann undirritaður í Áslandsskóla í upphafi árs. Langur aðdragandi var að útgáfunni og áttum við í víðtæku samstarfi við færa sérfræðinga í læsismálum við undirbúning og hönnun sáttmálans. Sáttmálinn var kynntur í Vallaskóla í Árborg í september og í kjölfarið ferðuðust verkefnastjórar Heimilis og skóla um landið og kynntu Læsisáttmálann foreldrum og kennurum. Fjölmargir fundir voru einnig haldnir á höfuðborgarsvæðinu en allt efni er tiltækt hjá þjónustumiðstöð samtakanna og hægt að fá sent.

Undir lok ársins urðu töluverðar breytingar á starfsmannahaldi samtakanna þegar Sólveig Karlsdóttir, verkefnastjóri, fór í fæðingarorlof og Björn Rúnar Egilsson, einnig verkefnastjóri, hóf doktorsnám. Við þökkum Birni kærlega fyrir hans störf fyrir samtökin síðustu ár og hlökkum til að fá Sólveigu aftur til starfa eftir fæðingarorlof. Bryndís Jónsdóttir sem verið hefur framkvæmdastjóri SAMFOK um árabíl hóf störf sem verkefnastjóri um miðjan desember. Bryndís þekkjum við vel en hún átti sæti í stjórn Heimilis og skóla og hefur áralanga reynslu af foreldrasamstarfi. Við bjóðum hana velkomna til starfa og hlökkum til að njóta starfskrafta hennar.

Eins og ársskýrslan ber með sér var starfsemi samtakanna blómleg á árinu og ráðist í mörg verkefni bæði hefðbundin og ný. Ég vil færa stjórnarmönnum þakki fyrir framlag þeirra til samtakanna og framkvæmdastjóra og starfsmönnum þakki fyrir einstaklega gott samstarf.

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2. gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða
- sskóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem
- stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- a stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því
- að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félag innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag

4. gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnsmálaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda

árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn

5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrjú stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár. Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi

sjaldnar en átta sinnum á ári og oftár ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

Fjármál

8 gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð | 108 Reykjavík
S. 516 0100 | www.heimilogskoli.is